

Ed.

222. Frumvarp til laga

[142. mál]

um Listlaunasjóð Íslands.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Listlaunasjóður Íslands. Verkefni sjóðsins eru:

- a. Að veita viðtöku fé, sem Alþingi ákveður á fjárlögum, að varið skuli úr ríkissjóði til listlauna, og öðru því fé, sem honum kann að að berast í sama skyni, svo sem gjafafé.
- b. Að greiða laun til listamanna ár hvert.
- c. Að ávaxta listlaunafé, sem biður úthlutunar, með því að geyma það í banka.

2. gr.

Á fjárlögum skal árlega veitt fé til Listlaunasjóðs Íslands, eigi minni upphæð í heild en 2 milljónir króna. Fjárveitingin skal sundurliðuð á fjárlögum, sem hér segir:

- a. Til skálda og rithöfunda.
- b. — myndlistarmanna.
- c. — tónlistarmanna.
- d. — leiklistarmanna.

3. gr.

Launaflokkar skulu vera þrír.

Í fyrsta flokknum skulu vera menn, sem sjóðurinn greiðir árlega laun jöfn hálfum hámarkslaunum í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins.

Í öðrum flokki skulu vera menn, er fá árlega laun, nema þeir hætti um 5 ára skeið eða lengur að stunda list sína. Laun í þessum flokki skulu vera eins og þriðjungur hámarkslauna í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins.

Í þriðja flokki skulu laun vera greidd mönnum í viðurkenningarskyni fyrir einstök unnin verk eða vegna viðfangsefna, sem þeir hafa með höndum og ástæða þykir til að veita þeim fjárhagslegan stuðning til að fást við. Laun í þessum flokki eru ekki fyrirskipaðar upphæðir og ekki skylt að veita sama manni þau ár eftir ár.

4. gr.

Úthlutun launa samkvæmt 3. gr. skulu hafa á hendi fjórar nefndir, sem úthluta hver fyrir sína listgrein.

Úthlutunarnefnd skálda- og rithöfundarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Heimspeki- deild háskólans tilnefnir tvo menn og Rithöfundasamband Íslands tvo menn.

Úthlutunarnefnd myndlistarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Félag íslenzkra myndlistarmanna tilnefnir einn mann og Listasafnsráð einn mann.

Úthlutunarnefnd tónlistarlauna:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Tónskálda- félag Íslands tilnefnir einn mann og stjórn Tónlistarskóla Reykjavíkur einn mann.

Úthlutunarnefnd leiklistarlauna:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Bandalag íslenzkra leikara tilnefnir einn mann og Félag íslenzkra leikdómenda einn mann. Jafnmargir varamenn skulu kosnir eða tilnefndir af sömu aðilum og aðalmenn. Menntamálaráðherra skal tilkynna hlutaðeigendum hverju sinni, hvenær þeim ber að hafa lokið kosningu eða tilnefningu af sinni hálfu á manni eða mönnum í úthlutunarnefnd.

Nú kýs eða tilnefnir ekki einhver áðurnefndra aðila mann í nefnd, og skal þá menntamálaráðherra skipa mann í nefndina í staðinn.

Ekki skal kjósa eða skipa í nefnd mann, sem líklegt er að kunni að hafa hagsmuna að gæta fyrir sig við úthlutun listlauna í þeirri listgrein, er nefndin á að úthluta fyrir.

Kjör í nefndir þessar gildir til þriggja ára í senn, frá næstu áramótum að telja, áður en kjörið var.

Úthlutunarnefndirnar fá þóknun fyrir störf sín. Hver deild sjóðsins (2. gr. a—d) greiðir sinni nefnd. Menntamálaráðherra ákveður þóknunina til hvernar nefndar hverju sinni.

Úthlutunarnefndir skulu skila til hvers fjárlagaþings sundurliðaðri skýrslu um síðustu úthlutun sína og greinargerð um fjárþörfina í heild, eins og þær telja hana vera hver fyrir sína deild vegna næstu úthlutunar.

5. gr.

Við fyrstu úthlutun listlauna, eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu þeir listamenn, sem við síðustu úthlutun listamannalauna voru í hæsta flokki, vera settir í fyrsta launaflokk.

Að öðru leyti er ekki heimilt að færa á ári fleiri en tvo í hópi skálda og rit höfundu upp í fyrsta launaflokk og einn í hópi hvers hinna: mynd-, tón- og leiklistarmanna.

Aldrei má stofna til meiri launagreiðslu í fyrsta flokki en nemur $\frac{1}{4}$ af umráðafé úthlutunarnefndar og í öðrum flokki ekki meiri launagreiðslu en nemur helmingi af úthlutunarfé úthlutunarnefndar.

Í þeirri listgrein, sem ekki hefur átt mann í hæsta flokki, er ekki skylt að taka upp veitingu launa samkvæmt ákvæðum þess flokks, fyrr en hlutaðeigandi nefnd telur efni standa til. Ekki er heldur skylt að úthluta árlega öllu fé sjóðsins. Geyma má fé hans milli ára, hvort heldur er fé fleiri eða færri listgreina.

Hver deild hefur sinn fjárhag.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið sér um reikningshald sjóðsins og ávöxtun hans.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Úthlutun listamannalauna þeirra, sem ríkissjóður hefur af mörkum látið, á sér skrykkjóttu sögu. Ekki skal sú saga rakin hér, enda óþarft að gera það. Óhætt er að fullyrða, að öllum er ljóst, að nauðsyn ber til þess, að framhald þeirrar sögu taki stakkaskiptum til bóta.

Íslendingar eru listelsk þjóð. Enginn vafi er á því, að hún vill búa svo vel sem hún getur að listamönnum sínum. Sú alvarlega staðreynd gripur auðvitað inn í, að hana skortir peninga til margra nauðsynlegra hluta. Það fé, sem hún lætur úr hinum sameiginlega sjóði sínum — ríkissjóðnum — til listlauna, verður því í heild minna en margur vildi og æskilegt væri.

Stefna þarf að því að auka heildarframlagið.

Hitt er líka grundvallarnauðsyn, að fénu, sem ríkið veitir hverju sinni til listlauna, sé skynsamlega skipt og réttlátlega milli listamanna, svo að það komi að tilætluðum notum, eftir því sem það hrekkur til.

Að undanfögnu hefur fjögurra manna nefnd verið látin skipta fénu. Sameinað Alþingi hefur kosið nefndina hlutfallskosningu. Tala nefndarmannanna við það miðuð, að samtímis hafa þingflokkarnir venjulega verið fjórir. Hver þingflokkur þá komið að einum manni, sem litið hefur verið á sem fulltrúa flokksins í nefndinni.

Það liggur í augum uppi, að lítið vit er í því að kjósa slíka listdómara eftir pólitískum línunum. Tala nefndarmannanna, tvisvar tveir, gerir neitunarvaldið í nefndinni óeðlilega sterkt. Engin trygging er fyrir því, að innan nefndarinnar sé þekking á öllum þeim listgreinum, sem nefndin á að fjalla um. Kjörtími nefndarinnar aðeins eitt ár. Engin löggjöf eða reglugerð handa nefndinni til þess að styðjast við eða til að marka henni bás. Allt í lausu lofti, nema naumt skorin fjárhæð til skipta.

Flutningsmaður frumvarps þessa telur brýna nauðsyn bera til að ráða bót hér á.

Frumvarpið flytur hann sem tilraunaspor í umbótaátt. Honum dylst ekki, að vandasamt er að skipa þessum málum, svo að vel sé, og vonlaust verk að ætla sér að gera það, svo að öllum líki.

Flutningsmaður vill taka til athugunar allar breytingartillögur við frumvarpið, hvort sem þær koma fram utan þings eða innan, og lýsir eftir tillögum frá þeim, er telja sig hafa gott og skynsamlegt til þessara mála að leggja. Aðalatriðið er að finna sem heppilegasta skipan listlaunamála.

Skal nú með fáum orðum vikið að einstökum greinum frumvarpsins til skýringar.

Um 1. gr.

Greinin mælir svo fyrir — og það er undirstöðuatriði — að stofnaður skuli sjóður. Sjóðurinn nefnist Listlaunasjóður Íslands. Í sjóðinn gangi árleg framlög ríkisins til listlauna. Enn fremur taki sjóðurinn á móti frjálsum framlögum til eflingar listum. Ekki er ólíklegt að slík tillög, t. d. gjafir eða erfðafé, kunni að koma til sögunnar, ef stofnun er fyrir hendi til þess að taka á móti slíkum framlögum. Sú mun vera reynslan erlendis.

Úr sjóðnum á svo að greiða laun til listamanna, samkv. reglum annarra ákvæða frumvarpsins.

Um 2. gr.

Þessi grein mælir fyrir um lágmark árlegrar fjárveitingar úr ríkissjóði til Listlaunasjóðs. Flutningsmaður gerir hér ráð fyrir 2 millj. kr. sem lágmarki.

Fjárveitinguna skal sundurliða á fjárlögum í fernt, þ. e. milli fjögurra listamannahópa, og á sú greining í hópa að geta náð til allra islenskra listamanna.

Aðra skiptingu á listlaunafénu en milli þessara hópa á Alþingi ekki að hafa með höndum samkv. frumvarpinu.

Má til hægðarauka tala um, að skiptingin miðist við fjórar listgreinar. Eðlilegt verður að telja, að fjárveitingavaldið skipti milli listgreinanna. En gert er ráð fyrir sérstakri úthlutunarnefnd fyrir hverja listgrein (sjá 4. gr.). Ekki er framkvæmanlegt að láta þær nefndir skipta milli listgreinanna.

Um 3. gr.

Hér ræðir um listlaunaflokka og launahæð í hverjum flokki. Fyrsti flokkurinn er fastlaunaflokkur. Þar er gert ráð fyrir, að launin séu eins og hálf hámarks-laun í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins. Þetta er nú h. u. b. 36 400 kr. eða 3 400 kr. meira en hæstu listamannalaunin á þessu ári skv. úthlutun þingkjörnu nefndarinnar.

Í öðrum flokki eru föst laun a. m. k. í 5 ár samfleytt. Hæð launanna er eins og þriðjungur hámarkslauna í VII. launaflokki starfsmanna ríkisins, eða h. u. b. 24 500 kr. Það er 4 500 kr. meira en listamannalaunin í ár í næsthæsta flokki skv. úthlutun þingkjörnu nefndarinnar.

Nauðsynlegt er að ákveða launahæð í þessum tveim flokkum, en heppilegra að miða við launaflokka hjá starfsmönnum ríkisins en krónutölu, af því að þá verður upphæðin hreyfanleg án lagabreytingar, þegar launakjör starfsmanna ríkisins taka breytingum.

Í þriðja flokki eru ekki föst laun, og þar er launahæðin ekki fyrirskipuð. Þar á að launa þeim, sem vinna einstök verk, er ástæða þykir að launa. Og þar á nýgræðingurinn að fá uppörvun og aðhlyningu. Af þessu leiðir, að í þessum flokki mega launin vera mishá til manna.

Um 4. gr.

Þessi grein tiltekur, hverjir skuli velja menn til þess að úthluta listlaunum.

Er þar gert ráð fyrir, að sérstök nefnd starfi fyrir hverja listgrein eða deild sjóðsins (sbr. 2. gr.). Fjöldmennust er nefndin fyrir úthlutun til skálda og rithöfunda, af því að sú úthlutun mun verða umfangsmesta starfið.

Tilgangurinn með því að hafa nefndirnar fjórar er að tryggja, að þekking á listgreininni verði fyrir hendi. Valið á mönnum í nefndirnar er ætlað til að sé í höndum þeirra aðila, sem eiga að hafa skilyrði til að velja fyrir hlutaðeigandi listgrein hæfa menn að þekkingu og réttðæmi.

Kjörgengi í nefnd er bundið við, að maðurinn hafi þar ekki eiginhagsmuna að gæta. Með því ákvæði er minnt á, að óhlutdrægni eigi að vera grundvöllur úthlutunar.

Kjörtímabil nefnda er þrjú ár. Mikilvert skilyrði til, að nefnd geti náð tókum á viðfangsefninu, er, að menn séu lengur en eitt ár í nefndarstarfinu.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er um skyldur nefndanna til að gera Alþingi (fjárveitinganefnd) árlega grein fyrir síðustu úthlutun og fjárþörfinni vegna næstu úthlutunar. Eiga þá nefndarmennirnir að vera vökumenn yfir hag listanna og ráðgefendur Alþingis.

Um 5. gr.

Þessi grein felur í sér ýmis ákvæði, sem nauðsynleg eru, svo sem: hvaða listamenn skulu vera sjálfkjörnir í fyrsta listlaunaflokk, þegar lögin taka gildi. Enn fremur ákvæði um, hve marga menn megi færa upp í fyrsta flokk árlega. Þessu þurfa að sjálfsögðu að vera einhver takmörk sett, og eru þau takmörk í 2. og 3. málsgrein greinarinnar. Þar að auki verða nefndirnar að sjálfsögðu að veita forsjá í þessum efnun og gera sér grein fyrir því, hvað fært er. Tekið er fram, að ekki er sjálfsagt að úthluta öllu umráðafé sjóðsins árlega og ekki skylt að launa samkv. hærri launaflokkum, fyrr en hlutaðeigandi nefnd telur efni standa til, þó að fé sé fyrir hendi. Féð geymist.

Um 6. gr.

Öðlilegt þykir, að fjármálaráðuneytið annist reikingshald sjóðsins og ávöxtun.

Um 7. gr.

Rétt þykir að ætlast til, að lögin öðlist gildi strax og þau hafa náð samþykki. Stangist það við fjárlög fyrir 1961, t. d. upphæð fjárveitingar, er auðvelt með bráða-birgðaákvæði að eyða því ósamræmi.